

2. tbl. 19. árgangur • mars 2008

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Forsíðumyndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson af tveimur ungum mönnum sem vinna við sorphirðu á Húsavík. Þeir eru Davíð Helgi Davíðsson og Birkir Ólafsson



Það var mikið sungið á Vorfagnaði Hreims laugardaginn 8. mars og tókust tónleikarnir í alla stöð frábarlega vel. Kórinn var í toppstandi og gestasöngvararnir, Alexandra Chernyshova og Bergþór Pálsson fóru einnig á kostum. Kórstjóri er snillingurinn Aladár Rácz. Hreimur samanstendur af um 50 kórfélögum sem koma víða að úr Þingeyjarsýslu. Sumir kórfélagar þurfa að keyra sig um langan veg á æfingar. Hér má sjá magnaða söngmenn, Gunnstein, Sigurð, Halldó, Sigvalda og Gunnar hljóða á Bergþór Pálsson. Rétt er að breyta Þingeyinga til að láta þennan menningarviðburð ekki fram hjá sér fara, en hann verður væntanlega haldinn aftur að ári.

Fyrirlestur um samstarfsverkefni

Að ósk Reykjaneshæjar flutti formaður VHN, Aðalsteinn Á. Baldursson erindi í síðustu viku fyrir sveitarstjórnarmenn og aðra sem koma að málefnum nýbúa í sveitarfélaginu Reykjaneshæja s.s. félagsmálafyrvalda, verkalyðsfélaga og skólayfirvalda. Að sögn Aðalsteins tókst fyrirlesturinn mjög vel, en verkefni Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík sem er samstarfsverkefni við sveitarfélagið

Norðurþing og Þekkingarsetur Þingeyinga í málefnum útlendinga hefur vakið töluverða athygli á landsvísi. Starfsmenn Skrifstofu stéttarfélaganna, þeir Aðalsteinn og Snæbjörn hafa þegar flutt nokkur erindi fyrir sveitarfélög og félagasamtök. Frekari kynningar á verkefninu eru í bígerð þar sem fleiri aðilar til viðbótar hafa beðið um kynningu á verkefninu.



Siggí Valli er ekki síður góður málari en knattspyrnumaður. Hér er kallinn að mála heilsugæslustöðina á Rangarhöfn sem nú hefur tekið miklum stakkaskiptum. Fyrirtækið Tónninn sem Siggí starfar hjá hefur séð um málningarþáttinn í þeim miklu breytingum sem gerðar hafa verið á heilsugæslustöðinni.

ÚTGEFENDUR: Þingi-n, félag i-na-armanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Verkalþ-sfélag Húsavíkur og nágrennis, Verkalþ-sfélag Þórshafnar, Verslunarmannafélag Húsavíkur. Gar-arsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@vh.is • Heimasíða: www.vh.is • ÁBYRG-ARMA-UR: A-alsteinn Á Baldursson

Fréttabréfi er skrifað 17. mars 2008 og gefið út í 2000 eintökum.

HÖNNUN OG PRENTUN: Örkin, Húsavík.

Verslunarmenn samþykktu

Félagsmenn í Verslunarmannafélagi Húsavíkur samþykktu kjarasamning Landssambands ísl. verslunarmanna og Samtaka atvinnulífsins í rafrænni atkvæðagreiðslu. Samningurinn var samþykktur með miklum meirihluta eða 91% atkvæða.

Á kjörskrá voru 133 félagsmenn og nýttu 23 sér atkvæðisréttinn eða 17,29% og skiptust atkvæðin þannig:

Já sögðu 21 eða 91%

Nei sögðu 1 eða 4,35%

Auðir seðlar voru 1 eða 4,35%

Samningurinn var einnig samþykktur hjá öðrum aðildarfélögum LÍV og mun hann gilda afturvirkir frá 1. febrúar. Samningurinn felur í sér að samningsbundnir launataxtar hækka um kr. 18.000 á mánuði auk þess sem 5,5% launaþróunartrygging gildir fyrir þá sem eru að fá greitt umfram taxa. Auk þess bætast við orlofsdagar eftir 5 og 10 ára starfsaldur hjá sama atvinnurekanda á samningstímabilinu. Gildistíminn er til 30. nóvember 2010.



Verslunarmenn komu saman á Gamla Bauk til að kynna sér helstu atriði kjarasamningsins auður er þeir greiddu atkvæði um samninginn.

Daglegar fréttir sem koma öllum við.
Skóðu heimasíðu stéttarfélaganna

www.vh.is

Stéttarfélagin
í Þingeyjarsýslum



Skrifstofa stéttarfélaganna | Garðarsbraut 26 | 640 Húsavík | Sími: 464 6600 | Fax: 464 6601 | www.vh.is

Sveitamennt


styrkur pinn til náms



Sveitamennt er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands



- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan sveitarfélaga og stofnana þeirra á landsbyggðinni



- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Sveitamenntar



Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími: 5991450 • Fax: 5991401
www.sveitamennt.is • sveitamennt@sveitamennt.is

100% sögðu já á Þórshöfn

Kjörstjórn Verkalýðsfélags Þórs-
hafnar kom saman til fundar
6. mars til að telja atkvæði úr
atkvæðagreiðslu um kjarasamning
Starfsgreinasambands Íslands og
Samtaka atvinnulífsins annars vegar
og kjarasamning Landssambands
ísl. verslunarmanna og Samtaka
atvinnulífsins hins vegar.
Varðandi kjarasamning Starfs-
greinasambands Íslands og
Samtaka atvinnulífsins voru 62 á
kjörskrá. Atkvæði greiddu 37 eða
59,67% félagsmanna sem höfðu
kjörgengi og sögðu þeir allir já.
Kjarasamningurinn skoðast því

samþykktur með öllum greiddum
atkvæðum.

Varðandi kjarasamning Lands-
sambands ísl. verslunarmanna og
Samtaka atvinnulífsins, þar voru
18 á kjörskrá, atkvæði greiddu
14 eða 77,77% þeirra sem höfðu
kjörgengi. Já sögðu 13 eða 92,9%.
Nei sagði 1 eða 7,1% félagsmanna.
Kjarasamningurinn skoðast því
samþykktur. Eftir því sem best
er vitað var kjörsókn meðal
aðildarfélaga Alþýðusambands
Íslands best hjá Verkalýðsfélagi
Þórshafnar.



Mjög góð kjörsókn var hjá Verkalýðsfélagi Þórshafnar þegar félagið stóð fyrir atkvæðagreiðslu um kjarasamninga Samtaka atvinnulífsins og SGS/LÍV. Hjá mörgum stéttarfélögum var kjörsóknin mjög léleg sem hljóta að teljast mikið vonbrigði því það er alvarlegur hlutur þegar menn taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu um sín kjör.

Félagsmenn fá hærri styrki vegna aukinna ökuréttinda

Fræðslusjóðurinn Landsmennt sem Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis á aðild að fyrir hönd félagsmanna hefur samþykkt að hækka styrki vegna aukinna ökuréttinda úr kr. 81.000,- í kr.

100.000,-. Hækkunin tók gildi um síðustu áramót. Fullgildir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis eiga því rétt á góðum styrk eða kr. 100.000,- vilji þeir ná sér í meirapróf.



Norðurvík á Húsavík hefur undanfarið verið með flokk starfsmanna á Rauðarhöfn sem unnið hafa að breytingum á heilsugæslustöðinni. Þeir hafa nú fengið stórt verkefni á Húsavík en til stendur að byggja 26 íbúða fjölbýlishús fyrir aldraða í þremur áföngum. Í fyrsta áfanga eru átta íbúðir. Ekki er annað að sjá á myndinni en að Svandís Sverrisdóttir stjórnarmaður í Þingið og starfsmaður Norðurvíkur sé ánægð með stöðuna þar sem hún og aðrir starfsmenn fyrirtækisins sjá fram á sterka verkefnastöðu. Með henni á myndinni er forstöðumaður Skrifstofu stéttarfélaganna.

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum

Námskeið fyrir iðnaðarmenn

Pingið stendur fyrir námskeiði fyrir félagsmenn föstudaginn 11. apríl og laugardaginn 12. apríl í samstarfi við fræðslusetrið Iðuna. Námskeiðið sem er 20 kennslustundir fer fram í fundarsal stéttarfélaganna á Húsavík og nefnist "Viðgerðir og viðhald húsa". Námskeiðsgjald fyrir félagsmenn Þingiðnar er kr. 3.000,-. Aðrir sem ekki eru aðilar að fræðslusetri iðnaðarmanna og Þingiðnar þurfa að greiða kr. 24.000,-. Skráning á námskeiðið er á Skrifstofu stéttarfélaganna til 28. mars. Mjög áriðandi er að fá fagnámskeið heim í hérað, þess vegna er mikilvægt að iðnaðarmenn skrái sig þegar í stað á námskeiðið.

Stjórn Þingiðnar



Skrifstofa stéttarfélaganna | Garðarsbreut 26 | 640 Húsavík | Sími: 464 6600 | Fax: 464 6601 | kuli@vh.is | www.vh.is

Styrkir til náms vegna almennra ökuréttinda.



Nýtt

Fullgildir félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis sem sækja nám til almennra ökuréttinda eiga nú rétt á styrkjum frá félaginu enda séu þeir greiddendur og hafi verið það síðustu 6 mánuði áður en ökuþrúfið er tekið.

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum

Dyravarðanámskeið

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis í samstarfi við lögreglu stendur fyrir dyravarðanámskeiði í sal stéttarfélaganna á Húsavík laugardaginn 5. apríl. Skráning á námskeiðið stendur yfir til 28. mars. Námskeiðsgjald er kr. 7.000,-. Fullgildir félagsmenn í verkalýðsfélaginu fá 75% af þessari upphæð endurgreidd úr fræðslusjóði. Námskeiðið er opið utanfélagsmönnum en þeir greiða fullt gjald kr. 7.000,-. Hægt er að fá frekari upplýsingar á Skrifstofu stéttarfélaganna.

*Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis
Lögreglan á Húsavík*



Skrifstofa stéttarfélaganna | Garðarsbreut 26 | 640 Húsavík | Sími: 464 6600 | Fax: 464 6601 | kuli@vh.is | www.vh.is



Nokkrar kraftmiklar konur hafa frá því í nóvember starfrækt nýttmarkað í húsnæði stéttarfélaganna á Húsavík. Viðtökur hafa verið frábærar og hafa fjölmargir átt viðskipti við þær stóllur. Fyrir nokkru gáfu þær bluta af afraðstri sölu til Setursins geðræktarmíðstöðvar á Húsavík en hann var kr. 130.000,-. Myndin er tekin við það takífar, Harpa Jóna, Sigríður Hörn og Eyrun Dagbjört afhenda hér Erlu Alfreðs frá Setrinu styrkinn sem hún segir að komi að góðum notum fyrir starfseminu.

Opinn fundur

Starfsmenntaráðs á Húsavík

Starfsmenntaráð stóð fyrir opnum fundi á Húsavík 17. janúar um áherslur næsta árs. Fundurinn var haldinn í húsakynnum Þekkingarseturs Þingeyinga og var haldinn í samvinnu við Þekkingarsetur Þingeyinga og Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis. Starfsmenntaráð starfar samkvæmt lögum nr. 19/1992 um starfsmenntun í atvinnulífinu. Það úthlutar styrkjum til starfsmenntunar og er stjórnvöldum til ráðuneytis um stefnumótun og aðgerðir á sviði starfsmenntunar. Fundurinn var sendur út til símenntunarstöðva á landinu og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins/Mímis símenntunar í Reykjavík. Í starfsmenntaráði sitja eftirtaldir fulltrúar: Anna Rós Ívarsdóttir fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, Halldór Grönlvold fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Guðmundur Gunnarsson fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Kristín Á. Guðmundsdóttir fulltrúi BSRB, Gustaf A. Skúlason fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, Ingi Bogi Bogason fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, Gissur Pétursson fulltrúi félagsmálaráðherra og Stefán Stefánsson áheyrnarfulltrúi menntamálaráðuneytis. Á fundinum gerði Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Verkalýðsfélagsins, sem var einn af frummælendum fundarins, grein fyrir starfi félagsins í starfsmenntunarmálum og þeirri þróun sem orðið hefur í styrkveitingum til félagsmanna á undanförnum árum. Eftir fundinn fóru fulltrúar Þekkingarsetursins, Verkalýðsfélagsins og Atvinnuþróunarfélagsins með gestunum til Fjallalambs þar sem starfsemi fyrirtækisins var skoðuð. Síðan héldu þeir för sinni áfram til Raufarhafnar og Þórshafnar og skoðuðu atvinnustarfseminu þar áður en þeir héldu aftur heim á leið til Reykjavíkur.



Starfsmenntaráðið fundaði á Húsavík auk þess að skoða nokkra vinnustaði á svæðinu. Hér eru þeir uppáhúsin í Fjallalambi.

Iðnaðarmenn samþykktu kjarasamninginn

Kjörnefnd Þingiðnar, félags iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum er hér að störfum en félagið stóð fyrir póstatkvæðagreiðslu um kjarasamning Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins en Þingið er aðili að samningnum. Á kjörskrá voru 63, þar af greiddu 29 atkvæði eða 46,3% þeirra sem höfðu kjörgengi. Atkvæði féllu þannig: Já sögðu 20 eða 68,97% félagsmanna. Nei sögðu 8 eða 27.59% félagsmanna. Auðir og ógildir seðlar voru 1 eða 3,45%. Kjarasamningurinn skoðast því samþykktur.



Það eru mjög ábyrgir menn í kjörnefnd Þingiðnar. Hér eru þeir Sigmar, Magnús og Þórgírmur Björnsson að telja atkvæði úr póstatkvæðagreiðslu um kjarasamning Samiðnar og Samtaka atvinnulífsins.



Deir eru ekki allir háir í loftinu sem koma inn á Skrifstofu stéttarfélaganna til að afla upplýsinga. Hér eru tveir ungir nemendur úr Borgarbólsskóla á Húsavík þeir Hinrik og Þorvaldur sem komu við til að afla upplýsinga um staðsemi stéttarféлага, en þeir voru að vinna verkefni í skólanum um fyrirtæki og stofnanir á Húsavík.



Margir öflugir trínaðarmenn starfa á félagssvæði stéttarfélaganna. Hér er einn af þeim Thomas Helmig sem starfar hjá Silfurstjörnunni í Öxarfirði.

Kynningafundir

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum lögðu mikla áherslu á að kynna nýgerða kjarasamninga fyrir félagsmönnum. Í því sambandi voru bæði haldnir vinnustaðafundir og eins félagsfundir. Hér koma nokkrar myndir sem teknar voru á kynningarfundunum.



Sumarhús, íbúðir, hótél og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn

Samstarf félaganna – fjölbreyttir möguleikar

Með samstarfi stéttarfélaganna í Píngeyjarsýslum, Verkalþáðsfélags Húsavíkur og nágrennis, Verslunarmannafélags Húsavíkur, Pínginar, Starfsmannafélags Húsavíkur og Verkalþáðsfélags Þórshafnar bætast félagsmönnum nú mikið úrval af orlofskostum.

Félagsmönnum bjóast orlofshús, íbúðir, gistiávisanir á Foss- og Edduhótélum, óðr gisting á farfuglaheimilum og endurgreiðsla á gistikostnaði á tjaldsvæðum.

Orlofshús og -íbúðir

Líkt og undanfarin ár bjóast félögin upp á orlofshús og íbúðir. Leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir er kr. 15.000 á viku. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Í sumar stendur félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og -íbúðir:

• Orlofsíbúðir Freyjugötu Reykjavík



Freyjugata 10 Reykjavík.

Íbúð 1: 2 svefnherb. Útv. / Sjónv.
Íbúð 2: 1 svefnh. Útv. / Sjónv.
Íbúð 3: Stúdíóíbúð. Útv. / Sjónv.

Stéttarfélögin bjóast félagsmönnum sínum upp á gistingu í 3 orlofsíbúðum við Freyjugötu í Reykjavík. Íbúðirnar eru vel staðsettar í göngufæri frá miðbæ Reykjavíkur og Landsspítalanum. Á 1. hæð er íbúð með tveim svefnherbergjum. Svefnherbergi með hjónarúmi og barnaherbergi með kóju. Auk þess eru tvær aukadætur í íbúðinni.

Á 2. hæð er íbúð með eitt svefnherbergi með hjónarúmi. Í stofu er tvíbreiður svefnsofi og tvær aukadætur.

Á 3. hæð er stúdíóíbúð, þannig að eldhús, stofa og svefnstaða er í sama rúminu. Í íbúðinni er hjónarúm, svefnsofi og tvær aukadætur.

• Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík



Asparfelli 8 Reykjavík.

Íbúð: 1 svefnherb. Útv. / Sjónv.

Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsofi er í stofu og tvær aukadætur.

Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

• Orlofshús Munaðarnesi



Munaðarnes

3 svefnherb. / heitur pottur

Í orlofsbygginni Munaðarnesi, sem er 23 km. fyrir norðan Borgarnes, er boðið upp á tvö 53 m² orlofshús. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og hin tvö með kóju. Við húsin er heitur pottur og stór verönd. Húsunum í Munaðarnesi fylgja sængurföt.

Góðastaða er fyrir börn í Munaðarnesi, m.a. leikvelli.

Munaðarnes er vel í sveit sett í þjóðbraut í miðjum Borgarfirði og því er stutt á flesta áfangastaði á Suðvesturlandi og Snæfellsnesi.

• Orlofshúsi Hálsaból við Grundarfjör



Hálsaból v/Grundarfjör.

2 svefnherb. + svefnsofi í stofu
Heitur pottur

Orlofshúsið, sem er nýlegt, er 3 km. fyrir vestan Grundarfjörð og er 45 m² á stærð. Í húsinu er tvö

svefnherbergi með hjónarúmi og aukarúmi fyrir ofan. Svefnsofi er í stofu. Við húsið er heitur pottur og verönd.

• Orlofshús Kjarnaskógi



Kjarnaskógur v/ Akureyri

3 svefnherb.

Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m² orlofshús. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadætum og hin tvö með kóju. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

• Orlofshús Illugastöðum



Illugastöðir Fnjóskadal

2 svefnherb. og svefnsofi

Í boði er nýlegt 48 m² orlofshús í orlofsbygginni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kójum. Í stofu er svefnsofi. Við húsið er góð verönd með heitum potti.

Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug.

• Orlofshús Öxarfirði



Dranghólaskógi v/ Öxarfirði.

3 svefnherb.

Í Dranghólaskógi við Lund bjóast félögin upp á orlofshús allan ársins hring. Húsið er vel búið með þrem svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinum með kóju. Í húsinu eru tvær aukadætur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 30. maí út ágúst.

• Orlofshús Eiðum



Eiðar á Héraði

3 svefnherb.

Í orlofsbygginni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m² orlofshús með þrem svefnherbergjum. Í einu herbergjanna er hjónarúm og tvær aukadætur en kójur í hinum. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát. Húsinu á Eiðum fylgja sængurföt.

• Orlofshús Einarstöðum



Einarstöðir Héraði

3 svefnherb.

Í orlofsbygginni Einarstöðum, sem er 10 km sunnan við Egilsstaði, er boðið upp á tvö 45 m² orlofshús með þrem svefnherbergjum. Í einu herbergjanna er hjónarúm og aukarúm en kójur í hinum. Í bygginni eru leiktæki fyrir börn. Einarstöðir eru sérstaklega vel staðsett m.t.t. ferðalaga á Austurlandi.

• Orlofshúsi Mörk Grímsnesi



Mörk Grímsnesi

3 svefnherb. / Heitur pottur

Orlofshúsið er um 52 m² á stærð með þrem svefnherbergjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri kója en í hinum eru kójur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogi.

• Orlofshúsið Útgarður Grímsnesi



Útgarður Grímsnesi
2 svefnherb. + svefnsófi / H.pott.

Í boi er stórt orlofshús, um 100 m² (svefnloft innifalið). Í húsinu eru tvö svefnherbergi með hjónarúmum og í öðru þeirra er aukarúm. Auk þess er í húsinu 28 m² svefnloft með tveim rúmum og 4 dænum. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 18 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu skammt frá Sogsvirkjunum.

• Orlofshús Ölfusborgum



Ölfusborgir
3 svefnherb. + svefnsófi / H.pott.

Í boi er orlofshús í orlofsbyggðinni Ölfusborgum við Hveragerði. Húsið er 55 m² þrjú svefnherbergi. Í einu þeirra er hjónarúm en í hinum eru kojur. Góð verönd og heitur pottur er við húsið.

Orlofshúsið Ásgarður í Grímsnesi

Í boi er 190 fermetra orlofshús í Grímsnesinu. Húsið er glænt með 3 góð svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, glæsilegt eldhús, borðstofu og stofu. Á neðri hæðinni er um 25 fermetra leikhvergi fyrir börnin og sauna. 10 mínútna akstur er í alla þjónustu á Selfossi



Ásgarður í Grímsnesi
3 svefnherb. + sjónvarpsherb.

auk þess sem á í nágrenninu eru 2 góðir golfvelli og örstutt inn á Pingvelli.

• Orlofshús við Flókalund í Vatnsfirir



Flókalundur í Vatnsfirir
2 svefnh.

Í húsinu sem er 40 m² eru 2 svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Dvalargestir þurfa að hafa með sér lín utan um sængurfatnað, handklæði, borðklúta og þurrkustykki. Í húsinu er einnig útvarp, sjónvarp, örbylgjuofn og útgíll. Barnarúm og stólar og aukadætur fást hjá umsjónarmanni, sem er staðsettur í húsi við sundlaug. Við Hótel Flókalund, sem er steinsnar frá byggðinni, er verslun með þröngustu nauðsynjar.

• Reykingar og húsdætur

Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Að öðrum kosti fyrirgera félagsmenn frekari rétti til að dvelja í orlofshúsum og íbúðum á vegum félaganna. Húsdætur eru ekki leyfðar í orlofshúsum og íbúðum.

Hótelgisting á Fosshótelum

Félagsmönnum þátt gisting á Fosshótelum sem staðsett eru í Reykjavík, Reykholti, Húsavík, Nesjavöllum, Egilsstöðum, Hellu, Laugum, Hallormsstöðum, Sauárkróki og Hornafirði.

Félagsmenn kaupa gistiávisun á Skrifstofu stéttarfélaganna fyrir uppabúið tveggja manna herbergi með baði og morgunverði fyrir tvo og bóka sían gistingu. Verð fyrir gistinóttina er kr. 5.000 með

niðurgreiðslu. Frítt er fyrir eitt barn undir 12 ára aldri í herbergi með foreldrum. Aukarúm kostar kr. 3.700 með morgunmat. Í júlí og ágúst greiðast 3.000 kr. aukalega fyrir nóttina.

FOSSHÓTEL

Umsóknarfrestur


Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknareyðublað um orlofshúsin og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimasíðu félaganna www.vh.is. Umsóknun skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 11. apríl nk.

Hótelgisting á Eddu

Félagsmönnum þátt gisting á Edduhótelum sem staðsett eru á Laugarvatni, Skógum, Vík í Mýrdal, Nesjaskóla við Höfn, Neskaupstað, Egilsstöðum, Eiðum, Stórutjörnum, Akureyri, Húnavöllum, Laugarbakka, Ísafirði, Laugum í Dalasýslu og Hellissandi.

Félagsmenn kaupa á Skrifstofu stéttarfélaganna gistiávisun fyrir uppabúið tveggja manna herbergi

með handlaug og bóka sér sían gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmföt fyrir þau. Hótelinn leggur til dætur. Verð fyrir gistinóttina fyrir fjölskylduna er kr. 4.000,-. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt framboð er hjá einstökum hótélum eftir tímabilum.



Gisting í farfuglaheimilum

Fyrir nokkrum árum var tekið upp sú nýbreytni að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra upp á gistingu í einhverju 26 farfuglaheimilum á Íslandi sem staðsett eru um allt land (sjá www.hostel.is).

Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng koddar, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Við er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi.

Þessi gisting þátt félagsmönnum og fjölskyldum þeirra á kr. 1.000 nóttin fyrir fullorðna, börn 0-4 ára fá frítt, en 5-12 ára greiða hálft gjald.

Gistiávisanir fyrir farfuglaheimili er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110.



Útilega í boði þíns stéttarfélags

Orlofsnefnd stéttarfélaganna hefur ákveðið að halda áfram að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra í útilegu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, felliþæsi, hjólþæsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaíla og kaup-

anda þjónustu), framvísa sían reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu allt að kr. 4.000 sumarið 2008. Skilyrði fyrir þessari greiðslu er að félagsmaður sé í a.m.k. 50% starfi, sé fullgildur félagsmaður og hafi greitt félagsgjöld í a.m.k. 3 mánuði.

Aðalfundur Verslunarmannafélagsins



Verslunarmannafélag
Húsavíkur

Aðalfundur Verslunarmannafélags Húsavíkur verður haldinn fimmtudaginn 17. apríl 2008 í fundarsal félagsins. Fundurinn hefst kl. 19:30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
 - a) Félagaskrá
 - b) Skýrsla stjórnar
 - c) Ársreikningar
 - d) Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga
2. Sameining félagsins við Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis
3. Önnur mál

Verði tillaga um sameiningu félagsins við Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis samþykkt á fundinum frestast aðrir liðir aðalfundarins s.s. kosning í stjórn og trúnaðarmannaráð til stofnfundar sameiginlegs félags.

Verslunar- og skrifstofufólk, látið ykkur ekki vanta á fundinn því þátttaka ykkar í starfinu er lykillinn að öflugu félagsstarfi. Ekki skemmir fyrir að boðið verður upp á veglegar veitingar á fundinum þannig að enginn fer svangur heim. Ekki missa að því.

Verslunarmannafélag Húsavíkur

Kauptaxtar komnir á vefinn
Nú geta menn nálgast upplýsingar um hækkanir á kauphöxtum frá 1. febrúar 2008 á heimasíðu stéttarfélaganna vh.is.

**Stéttarfélagin
í Þingeyjarsýslum**



Skrifstofa stéttarfélaganna | Garðarbraut 26 | 640 Húsavík | Sími: 464 6600 | Fax: 464 6601 | www.vh.is

Skrifstofa stéttarfélaganna fær styrk

Félagsmálaráðuneytið og innflytjendaráð stóðu fyrir málþingi um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda föstudaginn 11. janúar í Borgartúni 6 í Reykjavík. Markmið málþingsins var að kalla eftir sjónarmiðum og hugmyndum við gerð framkvæmdaáætlunar í málefnum innflytjenda sem unnið er að. Hrannar Björn Arnarsson formaður innflytjendaráðs, Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi og formaður menntaráðs, fluttu erindi í upphafi þingsins. Að loknum erindunum voru málstofur í gangi þar sem fjallað var um löggjöf, atvinnulíf og þátttöku innflytjenda á vinnumarkaði, fjölmenningu í spegli fræðanna, miðlun upplýsinga til innflytjenda og til samfélagsins, þátt sveitarfélaganna og nærsamfélagsins, fordóma, fræðslu og fjölmiðla, menntun fullorðinna innflytjenda og mat

á menntun og reynslu og um framtíð barna í nýju landi með áherslu á skóla, heilsugæslu og frístundir. Í lok málþings voru niðurstöður málstofanna kynntar. Markmiðið með málþinginu var að fá fram mikilvægar upplýsingar um málefni innflytjenda og fá sem flesta að borðinu við mótun framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar sem unnin er í samræmi við stjórnarsáttmálann. Í lok málþingsins afhenti félagsmálaráðherra nokkra styrki úr þróunarsjóði innflytjendamála og er það í fyrsta sinn sem styrkir eru veittir úr sjóðnum. Þess má geta að Skrifstofa stéttarfélaganna á Húsavík fékk styrk kr. 750.000,- vegna verkefnisins "Samstaða og ábyrgð í málefnum innflytjenda". Skrifstofan hefur unnið að verkefninu með sveitarfélaginu Norðurþingi og Þekkingarsetri Þingeyinga. Samstarf þessara aðila hefur verið með miklum ágætum.



Mikið fjölmenni var á málþinginu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem haldið var í Reykjavík. Starfsemi Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis í þessum efnum hefur rakið mikla athygli og voru þeir Adalsteinn og Snæbjörn með erindi á málþinginu sem vakti töluverða athygli.



Einbeittir á svið með hamar og stöðja. Þrátt fyrir miklar tækninýjungar kemur slaghamarinn sér allaf vel þegar taka þarf á því. Ástþór Stefánsson og Heiðar Sigvaldason hjá Vélaverkstæðinu Grími eru báðir heilarmenni eins og sjá má og ekki skemmir höfuðfatid fyrir.



Snæbjörn og Adalsteinn taka hér við styrknum úr bændi Félags- og tryggingamálaráðherra. Styrkurinn gerir Skrifstofu stéttarfélaganna kleift að halda áfram með verkefnið "Samvinna og ábyrgð í málefnum innflytjenda".

Aðalfundur VHN



VERKALÝÐSFÉLAG
HÚSAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Aðalfundur Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis verður haldinn mánudaginn 14. apríl 2008 í fundarsal félagsins. Fundurinn hefst kl. 19:30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
 - a) Félagaskrá
 - b) Skýrsla stjórnar
 - c) Ársreikningar
 - d) Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga
2. Sameining félagsins við Verslunarmannafélag Húsavíkur
3. Önnur mál

Verði tillaga um sameiningu félagsins við Verslunarmannafélag Húsavíkur samþykkt á fundinum frestast aðrir liðir aðalfundarins s.s. kosning í stjórn og trúnaðarmannaráð til stofnfundar sameiginlegs félags.

Félagar, fjölmennið á aðalfund félagsins og takið þátt í skapandi og góðu starfi Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis. Hefðbundnar veitingar verða í boði á fundinum.

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis

Lög og reglugerðir sameinaðs félags

Félagsmenn geta nálgast drög að lögum og reglugerðum fyrir sameinað félag, Verslunarmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis á Skrifstofu stéttarfélaganna. Lögin og reglugerðir sjóða verða teknar fyrir á aðalfundum félaganna og afgreiddar endanlega á stofnfundi

sameinaðs félags þriðjudaginn 22. apríl. Mikilvægt er að áhugasamir kynni sér vel lögin og reglugerðirnar fyrir fundinn.

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis
Verslunarmannafélag Húsavíkur



Það eru miklar breinlatis- og gæðakerfjur gerðar í matvælafyrirtækjum. Hér má sjá einn af starfsmönnum Fjallalambs þrifa í lok vinnudags.

Hátíðarhöld í undirbúningi

Undirbúningsnefnd stéttarfélaganna vinnur þessa dagana að því að koma saman hátíðardagskrá í tilefni af 1. maí. Ákveðið hefur verið að endurtaka leikinn og halda hátíðina aftur í íþróttahöllinni á Húsavík en um 700 manns komu í höllina í fyrra. Þar sem hátíðarhöldin

tókust í alla staði mjög vel kom ekkert annað til greina en að halda hana aftur í íþróttahöllinni. Þá má geta þess að undirbúningsnefndin lofar frábæri skemmtun í vor sem hún mun örugglega standa við. Tökum því frá 1. maí.



Vel fór um þann fjölda sem tók þátt í hátíðarhöldum stéttarfélaganna 1. maí í fyrra.

Menntun er málið

- kynntu þér réttindi þín!

- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun innan stofnana ríkisins á landsbyggðinni
- Sjóðurinn veitir styrki í fræðsluverkefni á vegum stéttarfélaganna
- Sjóðurinn fjármagnar þau verkefni sem sjóðsstjórn skipuleggur
- Sjóðurinn veitir styrki til einstaklinga og sjá stéttarfélögin um afgreiðslu þeirra í umboði Ríkismenntar



Ríkismennt SGS er þróunar- og símenntunarsjóður starfsmanna ríkisins á landsbyggðinni innan aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands (SGS)



Ríkismennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • sími 599 1450
fax: 599 1401 • www.rikismennt.is • rikismennt@rikismennt.is

Samningur SGS og SA samþykktur hjá VHN

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis stóð fyrir póstatkvæðagreiðslu um kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem undirritaður var 17. febrúar sl. Niðurstaðan varð þessi:

Á kjörskrá voru 656 félagsmenn, þar af 139 erlendir starfsmenn eða 21% þeirra sem voru á kjörskrá.

Á kjörskrá 656 félagsmenn:


Atkvæði greiddu: 281 eða 42,84% þeirra sem voru á kjörskrá. Já sögðu 242 eða 86,12% Nei sögðu 36 eða 12,81% Auðir og ógildir 3 eða 1,07%

Kjarasamningur Starfsgreina-

sambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins sem Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis er aðili að skoðast því samþykktur. Greitt verður eftir nýja samningnum frá 1. febrúar sl.


Þess má geta að alls greiddu 98 erlendir starfsmenn atkvæði eða 70% þeirra sem höfðu atkvæðisrétt. Alls höfðu 517 íslenskir starfsmenn atkvæðisrétt, þar af greiddu 183 starfsmenn atkvæði eða 35% þeirra sem voru á kjörskrá. Samkvæmt þessari niðurstöðu var þátttaka erlendra starfsmanna í könnuninni mun betri en íslenskra starfsmanna sem eiga það sameiginlegt að vera félagsmenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis.

Kosning um samning SGS og SA




Samningurinn var samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þátttaka erlendra félagsmanna



Erlendir félagsmenn í VHN nýttu flestir kosningaréttinn.

Þátttaka íslenskra félagsmanna



Þriðjungur íslenskra félagsmanna VHN kaus um samninginn.

Stéttarfélög sameinast

Ef ekkert óvænt kemur uppá munu Verslunarmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis sameinast 1. maí n.k. undir nýju nafni. Búið er að ganga frá drögum að lögum og reglugerðum fyrir nýja félagið. Þá er komin tillaga að nafni á félagið sem er til umræðu innan félagananna sem til stendur að sameina. Nýja félagið verður deildaskipt og munu deildir félagsins verða mjög sjálfstæðar, þó mun aðalstjórn félagsins bera ábyrgð á fjármálum þess. Sem dæmi má nefna að innan félagsins verður

Deild verslunar- og skrifstofufólks. Tilgangur deildarinnar verður m.a. að gæta hagsmuna verslunar- og skrifstofufólks og vinna að velferðarmálum er snerta félagsmenn deildarinnar. Á hverju ári verður haldinn aðalfundur deildarinnar þar sem málefni hennar verða til umræðu sem og kosning stjórnar til eins árs. Formaður verður þó kjörinn til tveggja ára samkvæmt drögum að starfsreglum deildarinnar sem afgreiddar verða á aðalfundi Verslunarmannafélags Húsavíkur í apríl.



Gangi sameining Verslunarmannafélagsins og Verkalýðsfélagsins eftir verður sérstök deild í félaginu, sem nefnist Deild verslunar- og skrifstofufólks. Deildinni er atlað að verja hagsmuni félagsmanna út á við og gæta hagsmuna þeirra í hvívetna.

Tillaga að fyrstu stjórn tilbúin

Sameiginleg uppstillingarnefnd Verslunarmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis gerir tillögu um eftirtalda í stjórn Deildar Verslunar- og Skrifstofufólks fyrsta starfsárið. Formaður deildarinnar verður þó kjörinn til tveggja ára. Tillagan verður tekin til afgreiðslu á aðalfundi Verslunarmannafélags

Húsavíkur fimmtudaginn 17. apríl. Félagsmönnum verður heimilt að koma með aðrar tillögur á fundinum og verður þá kosið milli manna.

Snæbjörn Sigurðarson formaður Brynja Pálsdóttir varaformaður Hafliði Jósteinsson ritari Sigríður Birgisdóttir varamaður Ásgerður Arnardóttir varamaður



Gerð er tillaga um að Snæbjörn Sigurðarson verði formaður Deildar Verslunar- og skrifstofufólks innan nýja félagsins sem verður til í vor við sameiningu Verkalýðsfélagsins og Verslunarmannafélagsins.

Stofnfundur VHN/VMH



Verslunarmannafélag
Húsavíkur



VERKALÝÐSFÉLAG
HÚSAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Stofnfundur sameiginlegs félags Verslunarmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis verður haldinn í fundarsal stéttarfélaganna þriðjudaginn 22. apríl kl. 19:30.

Dagskrá:

1. Sameining VHN og VMH
 - Yfirlýsing um sameiningu félagananna
 - Tillaga að nafni á sameinað félag tekin til afgreiðslu
 - Lög félagsins
 - Lýst kjöri stjórnar, varamanna í stjórn, trúnaðarmannaráðs og skoðunarmanna reikninga
 - Kjör í stjórnir sjóða, nefndir og ráð
 - Kjör í stjórn og varastjórn Deildar verslunar- og skrifstofufólks
 - Kosning löggilts endurskoðanda
 - Ákvörðun árgjalda
 - Laun stjórnar

2. Önnur mál

Hér með er skorað á félagsmenn Verslunarmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis að taka þátt í stofnun öflugs stéttarfélags fyrir launþega í Pingeyjarsýslum. Í lok fundar verður boðið upp á léttar veitingar.

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis
Verslunarmannafélag Húsavíkur

Réttarbót fyrir aldraða og öryrkja

Í byrjun desember kynnti ríkisstjórnin væntanlegar breytingar á almannatryggingum sem miðast við að bæta kjör aldraða og öryrkja. Breytingarnar eru hluti af heildarendurskoðun almannatrygginga og verða lögfestar á Alþingi næsta vor.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar felast í eftirfarandi breytingum:

1. apríl 2008

- Skerðing lífeyrisgreiðslna vegna tekna maka verður afnumin.
- Gripið verður til sérstakra aðgerða til að draga úr of- og vangreiðslum lífeyris.
- Vasapeningar vistmanna á stofnunum verða hækkaðir úr 28.500 krónum í 36.500 krónur á mánuði, eða um 30%.

1. júlí 2008

- Frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega á aldrinum 67 – 70 ára verður hækkað í allt að 100 þúsund krónur á mánuði. Nú er frítekjumark ellilífeyrisþega 25 þúsund krónur á mánuði.

Þetta þýðir að í stað þess að hafa 300 þúsund krónur í árstekjur áður en bætur skerðast má frá 1. júlí 2008 hafa 1200 þúsund í árstekjur án þess að til skerðingar komi.

- Jafnframt mun ríkisjóður tryggja að ellilífeyrisþegar fái að lágmarki 25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði.

1. janúar 2009

- Lífeyrisþegar geta leyst út séreignasparnað án þess að lífeyrisgreiðslur skerðist.

Hér er því komin ástæða fyrir lífeyrisþega að fresta því að leysa út séreignasparnaðinn.

Ástæða þess að aðeins er hækkað frítekjumark hjá ellilífeyrisþegum en ekki öryrkjum er sú að verið er að samræma þessar aðgerðir vinnu framkvæmdanefndar um örorkumat og starfsendurhæfingu. Sú nefnd á að skila tillögum sínum vorið 2008.

Landsmennt skapar tækifæri

- kynntu þér möguleikana



- Landsmennt er fræðslusjóður Samtaka atvinnulífsins og verkafólks á landsbyggðinni
- Verkalýðsfélögin sjá um afgreiðslu einstaklingsstyrkja í umboði sjóðsins
- Sjóðurinn styrkir starfsmenntun í fyrirtækjum



Landsmennt

Skeifan 8, 2. hæð • 108 Reykjavík • Sími: 5991450 • Fax: 5991401
www.landsmennt.is • landsmennt@landsmennt.is



Riddari götunnar, Halldór Heiðberg Sigfússon, keyrir daglega með pósti og blöð frá Húsavík til Þórshafnar. Hér er hann að losa sig við blöð og annan pósti á Kópaskeri.

NÝTTU ÞÉR STIGHÆKKANDI VEXTI

HELSTU KOSTIR VAXTAÐREPS:



ÖRUGG OG GÓÐ
ÁVÖXTUN

STIGHÆKKANDI
VEXTIR

VEXTIR GREIDDIR
MÁNAÐARLEGA

Vaxtaþrep er sparnaðarreikningur sem býður
upp á **háa og örugga** ávöxtun.

Kynntu þér málið á **www.glitnir.is**, í næsta
útibúi eða í þjónustuveri í síma **440 4000**

GLITNIR